

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð frá Fosshóli til Stóruvalla í Þingeyjarsveit.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2022/8



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Garður á Arndísarstöðum, mynd tekinn í suð-vestur.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2022/8

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	8
HEIMILDASKRÁ.....	9

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð. Framkvæmdasvæðið var frá Fosshóli til Stóruvalla í Bárðardal í Þingeyjarsveit en áform eru uppi um að leggja strenginn vorið 2023.

Skráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Rarik útvegaði. Ekki hafði farið fram nein fornleifaskráning áður á svæðinu en til var skýrsla þar sem búið var að taka saman allar skriflegar heimildir um menningarminjar í Bárðardal.

Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Skýrsluhöfundur vill einnig þakka öllum heimildarmönnum sem veittu góðar upplýsingar um svæðið og í sumum tilvikum leiðsögn.

Vettvangsskráningin fór fram í seinni hluta september 2022.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2847.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslög.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur

annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁵

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁶

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Minjastofnunnar.

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, niðurhalsgögn frá Landmælingum Íslands og túnakort frá Þjóðskjalasafni Íslands. Einnig voru mjög gagnlegar upplýsingarnar í skýrslunni „Menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal, svæðisskráning“⁷ þar sem búið var að taka saman ritaðar heimildir um svæðið. Til viðbótar þessum upplýsingum gáfu heimamenn góðar upplýsingar um svæðið og menningarminjar á því. Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskonun þar sem framkvæmdasvæðið var skoðað. Minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með trimble gps tæki, ljósmyndaðar og mældar. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með gervihnattamynd frá kortavefsjá Landmælinga Íslands.

4. Fornleifaskráning

Arndísarstaðir:

Fornleifanúmer: 2847-01

Hnit: A567706.3 N572778.2 ISN93

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Tóftir

Í örnefnaskrá segir: „Þá er Garðsendavað skammt suður af túninu við garðbrot.“⁸

Í kringum 200 m suður af íbúðarhúsinu á Arndísarstöðum er garðbrot sem girðing er í. Garðurinn liggur niður að þjóðvegi og endar um 15 m frá honum. Hann er mjög skýr á loftmynd á um 260 m kafla, rofinn þar sem skurður hefur verið grafinn. Hæð garðsins er 1-1,5 m og breidd um 2,8 m.



Mynd 1. Garður á Arndísarstöðum, mynd er tekinn í norð-austur.

⁷ Hildur og Sædis, 2001, bls. 118-170.

⁸ Örnefnaskrá, Arndísarstaðir, bls. 2.

Kálfborgará:

Fornleifanúmer: 2847-02

Hnit: A569405.7 N566289.7 ISN93

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Tóftir

Í örnefnaskrá segir: „Að sunnan eru merki móti Jarlsstöðum frá Tvígörðum, sem eru tvö garðbrot, er liggja óslitið neðan frá fljóti nokkuð upp í heiðarhlíðina neðst. Eru þeir með tæplega 40 faðma millibil á árbakka, en svo styttest það, eftir því sem ofar dregur, fjær ánni, og er um helmingi styttra, þar sem þeir sjást síðast upp í hlíð.“⁹ Í kringum 2,2 km suður af íbúðarhúsinu á Kálfborgará er fyrri garðurinn. Hann er fyrst sýnilegur um 10 m ofan við veg og liggur um 275 m bútur af honum í austur. Garðurinn virðist svo fjara út á svipuðum slóðum og vegarslóðar að sumarhúsum liggja nær hlíðinni. Ofar við sumarhúsin er svo töluverður trjávöxtur svo ekki var hægt að sjá hvað langt garðurinn nær upp í hlíðina. Garðurinn var um 0,4-0,6 m á hæð og breidd um 1,6 m.



Mynd 2. Tvígarðar, fyrri garðurinn, mynd er tekinn í austur.

Fornleifanúmer: 2847-03

Hnit: A569430.4 N566216.5 ISN93

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Tóftir

Í örnefnaskrá segir: „Að sunnan eru merki móti Jarlsstöðum frá Tvígörðum, sem eru tvö garðbrot, er liggja óslitið neðan frá fljóti nokkuð upp í heiðarhlíðina neðst. Eru þeir með tæplega 40 faðma millibil á árbakka, en svo styttest það, eftir því sem ofar dregur, fjær ánni, og er um helmingi styttra, þar sem þeir sjást síðast upp í hlíð.“¹⁰ Syðri garðurinn er um 75 m sunnan við garð 2847-02 og er fyrst sýnilegur um 15 m ofan við veg. Hann liggur á um 355 m kafla, þó rofinn á tveimur stöðum, þar á meðal á þeim stað þar sem rafmangsstrengurinn á að liggja um en ljósleiðari hafði þegar verið lagður þar. Ekki var hægt að sjá hvað langt garðurinn nær upp í hlíðina fyrir trjágróðri. Á garðinum liggur girðing og fast norðan við hann er vegarslóði í austur sem liggur upp að sumarhúsum á svæðinu. Norðurhluti garðsins var því

⁹ Örnefnaskrá, Kálfborgará, bls. 1.

¹⁰ Örnefnaskrá, Kálfborgará, bls. 1.

raskaður af vegarslóðanum. Hæð garðsins var 0,2-0,5 m í norður en erfitt að var að mæla hæð garðsins út af vegarslóðanum, syðri hlutinn var töluvert hærri eða 0,7-1 m, breidd garðsins er um 1,9 m.



Mynd 3. Tvígarðar, syðri garðurinn, mynd er tekinn í suð-vestur í átt að þjóðvegi.

Hrappsstaðir:

Fornleifanúmer: 2847-04

Hnit: A570228.6 N562660.6 ISN93

Hlutverk: Garður

Tegund: Steinhleðsla

Á landamerkjum Jarlsstaða og Hrappsstaða eru leifar af steinahleðslum sem liggja upp í hlíðina. Hleðslan sést fyrst um 15 m ofan við þjóðveg og liggur um 291 m í austur, þó víða rofinn. Á köflum er hleðslan á sama stað og girðing og miðað við hve lá hún er þá er líklegt að þetta hafi verið hleðsla undir girðingu. Hæð hleðsla er 0,1-0,4 m og breidd 0,2-0,5 m.



Mynd 4. Steinhleðsla líklega undir girðingu, mynd er tekinn í austur.

Fornleifanúmer: 2847-05

Hnit: A570688.7 N561153.0 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti var útihús um 60 m sunnan við íbúðarhúsið á Hrappsstöðum, ekki sáust nein ummerki í túni við vettvangskönnun.

Fornleifanúmer: 2847-06

Hnit: A570691.0 N561056.7 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti var útihús um 150 m suð-vestur við íbúðarhúsið á Hrappsstöðum, ekki sáust nein ummerki í túni við vettvangskönnun.

Sigurðarstaðir/Sunnuhvoll.

Fornleifanúmer: 2847-07

Hnit: A571337.0 N558892.0 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti var útihús um 130 m í suð-vestur af íbúðarhúsinu á Sigurðarstöðum, ekki sáust nein ummerki í túni.

Sandvík:

Fornleifanúmer: 2847-08

Hnit: A571860.5 N557253.5 ISN93

Hlutverk: Rista


Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir: „Ytritorfa hét norður að Merkilæk, sem á merkjum móti

Sigurðarstöðum...“¹¹ Samkvæmt örnefnavefsjá landmælinga þá hefur Ytritorfa verið skammt sunnan við landarmerki Sigurðarstaða og Sandvíkur fyrir ofan veginn, á þeim slóðum er tún í dag, ekki sáust nein ummerki í túni.¹²

¹¹ Örnefnaskrá, Sandvík, bls. 1.

¹² Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.



— Rafmagnsstrengir
- - - Fornleifar
• Heimildir um fornleifar

Nafn	Fosshóll - Stóruvellir	Dags.	19.11.2022 hj	Skýringar:
	Bárðardalur - Þingeyjarsveit	Mælikv.	1:60000 í A3	

Fornleifar og heimildir um fornleifar á framkvæmdasvæði Rariks í Bárðardal.



BÚGARÐUR

RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI

Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is

Unnið eftir mynd nr. Myndþekja - Ísland fráLandmælingar Íslands

5. Samantekt

Framkvæmdasvæði Rarik nær frá Fosshóli til Sandvíkur og yfir brúna sunnan við Sandvík yfir til Stóruvalla. Lagt var upp með það að forðast sem flesta minjastaði og á þessari leið voru átta minjastaðir skráðir. Fjórir af þeim voru aðeins til sem heimildir og í öllum tilvikum voru þeir staðsettir í túnum, því líklega mikið raskaðir þegar eða horfnir. Hinir fjórir minjastaðirnir voru garðar sem náðu austur frá þjóðvegi og upp í hliðina, því erfitt er að leggja rafmagnsstreng um svæðið án þess að fara í gegnum þá. Þeir eru þó allir raskaðir að einhverju leyti og þegar hefur verið lagður ljósleiðari um svæðið. Aðrir minjastaðir á svæðinu ættu að vera utan við 15 m friðhelgismarka minja.

Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að ekki hafi fundist fleiri heimildir eða menningarminjar á framkvæmdasvæðinu þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

6. Heimildaskrá

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Hildur Gestsdóttir og & Sædís Gunnarsdóttir. Menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal. Svæðisskráning. (2001). Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Landmælingar Íslands – Örnefnasjá. Sótt af <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>. Skoðað 19.11.2022

Heimildarmenn:

Ingólfur Víðir Ingólfsson, 1969, Úlfsbær, Þingeyjarsveit.

Ragnar Hallsson, 1957, Arndísarstaðir, Þingeyjarsveit.

Sigurður Pálsson, 1947, Lækjarvellir 1, Þingeyjarsveit.

Steinn Jóhann Jónsson, 1954, Lyngholt, Þingeyjarsveit.

Túnakort:

Hrappsstaðir í Bárðardalshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Mælt og teiknað af Kristjáni Jónssyni í Nesi 1918. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri

Sigurðarsstaðir í Bárðardalshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Mælt og teiknað af Kristjáni Jónssyni í Nesi 1918. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri

Örnefnaskrár:

Arndísarstaðir. Bárðdælahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Ari Gíslason skráði. Samlesið J.H.

Kálfborgará. Bárðdælahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Ari Gíslason skráði. Samlesið J.H.

Sandvík. Bárðdælahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Ari Gíslason skráði. Samlesið J.H.